

## AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, miðvikudaginn 18. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2007.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, Reykjavík og hófst kl. 15:30.

Þessir sátu fundinn: Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fyrir Reykjavík, Gunnar Sigurðsson forseti bæjarstjórnar fyrir Akranes skv. umboði, Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn Svandís Svavarsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, sviðsstjóri reikningshalds og Hlynur Sigurðsson frá KPMG.

### Þetta gerðist:

Fulltrúi Akraneskaupstaðar lagði til að Kjartan Magnússon yrði fundarstjóri og Eiríkur Hjálmarsson fundarritari.

Var það samþykkt.

1. Formaður stjórnar, Kjartan Magnússon, flutti skýrslu stjórnar.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.  
Ársreikningurinn er áritaður af endurskoðanda og stjórn.  
Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur af fulltrúum eigenda.  
Ennfremur lögð fram Umhverfisskýrsla en hún var undirrituð af stjórn 18. apríl 2008.
3. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 18. júní 2008 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1.568 milljónir króna. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2008 á vormánuðum 2009.

Samþykkt.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um þóknun stjórnarmanna:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 18. júní 2008 ákveður að stjórnarlaun ársins 2007 verði kr. 125.000.- á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Einnig að heimilt verði að greiða kr. 125.000.- upp í stjórnarlaun næsta árs. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000.- á fund.

Samþykkt.

5. Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. júní sl. um kjör stjórnarmanna til eins árs:

Aðalmenn:

Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Ásta Þorleifsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.

Varamenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Hólm Hjálmarsson, Margrét K. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson.

Formaður var kjörinn Kjartan Magnússon.

Varaformaður var kjörinn Ásta Þorleifsdóttir.

Einnig lagt fram bréf Akraneskaupstaðar dags. 22. maí 2008 þar sem greint er frá að Gunnar Sigurðsson verði aðalmaður í stjórn næsta starfsár og Eydís Aðalbjörnsdóttir til vara.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Borgarbyggð fái áheyrnarfulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur næsta starfsár.

Samþykkt.

Páll S. Brynjarsson upplýsti að áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar næsta starfsár verði Björn Bjarki Þorsteinsson og Finnbogi Rögnvaldsson til vara.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 18. júní 2008 samþykkir að KPMG hf. endurskoðunarfyrirtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 15:42.**

Ólafur F. Magnússon

Gunnar Sigurðsson

Páll S. Brynjarsson